

## Til Sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Í júní árið 2021 samþykktu Hestamannafélögin þrjú í Uppsveitum Árnessýslu, Logi, Smári og Trausti á aðalfundum sínum að félögin skildu sameinast. Þá hafði verið sameiningarnefnd að störfum frá því snemma árs 2019. Þann 1. júlí síðastliðinn hittust stjórnir félaganna og sjö manna starfsstjórn nýs félags sem félögin höfðu tilnefnt til setu í nýju félagi og héldu stofnfund nýstofnaða félagsins.

Í starfsstjórnina voru tilnefnd

Birgir Leó Ólafsson, Stangarlæk

Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi

Ólafur Gunnarsson, Helgastöðum

Guðrún Magnúsdóttir, Bræðratungu

Ragnheiður Eggertsdóttir, Borg

Ragnhildur Eyþórsdóttir, Flúðum

Svavar Jón Bjarnason, Reykholti

Starfsstjórnin hefur fundað reglulega síðan í haust þar að sameiginlegt starf hefur verið skipulagt. Ráðgert var að halda aðalfund hins nýstofnaða félags þann 13. janúar síðastliðinn en nauðsynlegt þótti að fresta honum vegna gildandi samkomutakmarkanna. Starfsstjórnin hefur sent inn skráningu á félaginu til Ríkisskattstjóra og hefur nýja félagið fengið skráningu þar. Félagið hefur einnig óskað eftir því við Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) að hið ný stofnaða félag verði tekið inn í HSK, áður en að aðalfundur nýja félagsins fer fram sökum gildandi samkomutakmarkanna. HSK er hefur veitt félaginu bráðabirgðaaðild, en samkvæmt lögum HSK þurfa ný félög að hljóta samþykkis héraðspings HSK. Sökum heimsfaraldurs hefur þingið ekki verið dagsett. Með inngöngu í HSK er nýja félagið orðið aðili að Landsambandi Hestamannafélaga (LH) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí).

Óskað var eftir því að félagsmenn myndu senda inn tillögur að nýju nafni sem kosið yrði um á aðalfundi. Þar sem að hann hefur ekki farið fram verður enn um sinn notast við vinnuheiti félagsins „Hestamannafélag Uppsveitanna“.

Markmið nýja félagsins er að viðhalda því góða félagsstarfi sem gömlu félögin hafa staðið að, ekki síst öflugum barna og unglingsstarfi.

Óskar stjórn Hestamannafélags Uppsveitanna því eftir fundi með stjórnendum Skeiða- og Gnúpverjahrepps til þess að ræða áframhaldandi samstarf.

f.h. starfsstjórnar Hestamannafélags Uppsveitanna

Svavar Jón Bjarnason